

Sæl og blessuð kæru foreldrar og forsjáraðilar.

Sent 30.01.2023

Okkur vantar ennþá flotta fulltrúa í foreldraráð MH.

Það eru mikil viðbrigði fyrir nemendur að hefja nám í framhaldsskóla en í framhaldsskólanum vinna saman lögráða og ólögráða nemendur. Einnig eru þetta mikil viðbrigði fyrir foreldra/forsjáraðila.

Foreldraráð er vettvangur fyrir foreldra og forsjáraðila til samráðs og samstarfs. Með samstarfinu má stuðla að aukinni vitund um forsjárskyldur, þekkingu á réttindum og skyldum þeirra og barnanna.

Upplýsingar um foreldraráðið

Leiðarljós foreldrafélags er að bæta skilyrði nemenda við skólann með því að efla félagslíf og umhverfi nemenda í skólanum. Mikilvægt að hafa öflug foreldri með í lið og skiptir máli að efla foreldraráðið eftir síðustu ár þar sem Covid bankaði upp á hjá okkur. **Tilgangur** ráðsins er að stuðla að auknum gæðum skólans og leitast við að bæta jafnt almenn skilyrði og aðstæður nemenda til menntunar og almenns þroska. **Markmiðum** sínum hyggst félagið ná með því meðal annars:

- Að stuðla að aukinni vitund foreldra/forsjáraðila um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Að efla samstarf milli foreldra/forsjáraðila um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda.
- Að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra/forsjáraðila nemenda.
- Að auka sýnileika og nánd foreldra/forsjáraðila sem veiti yfirvöldum, skólastjórnendum, kennurum og nemendum stuðning í skólstarfinu.
- Að stuðla að góðu samstarfi foreldra/forsjáraðila, nemendafélaga og starfsfólks skólans.
- Að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda sérstaklega, bæði gagnvart námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans.
- Að hvetja til aukins stuðnings og hvatningar foreldra/forsjáraðila við börn sín og nám þeirra.
- Að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forsjáraðila sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.

Fundað er nokkrum sinnum á hvorri önn, skipulagðar fræðslur bæði fyrir foreldra/forsjáraðila og nemendur. Mjög skemmtileg vinna.

Endilega sendið póst á thorunn@mh.is ef áhugi er fyrir hendi.

Kær kveðja, Þórunn Þórarinsdóttir

Félagsmála- og forvarnarfulltrúi MH